




Börnin taka þátt í ögrandi og krefjandi útivist.

HAUSTATÖRN



Við sýnum börnunum umhyggju.

# Heilbrigði og velferð



Börnin fá fjölbreytta hreyfingu.



Við eflum jákvæð samskipti á milli allra í skólanum.

Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing getur haft í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og nán tengsl við börnin.\*

Svona vinnum við með heilbrigði og velferð í skólanum okkar.



Börnin fá holla næringu.



Við kennum börnunum að sinna persónulegri umhirðu.



Við eflum félagsleg samskipti á milli allra í skólanum.



Við gefum börnunum tækifæri til slökunar og hvíldar.



Við leggjum áherslu á tilfinningalegt jafnvægi barnanna.

\* Aðalnámskrá leikskóla. 2011. Bls 43.